

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Rangárfings ytra og Ásahrepps 2011.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,23% af fasteignamati húsa sem tengst geta vatnsveitu.

2. gr.

Lámarksheimæðagjald í þéttbýli á Hellu, Rauðalæk, Laugalandi, Þykkvabæ, sem og í stök frístundahús og íbúðarhús í dreifbýli, er kr. 180.000 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar.

Heimæðagjald miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð, úttekið af starfsmönnum vatnsveitunnar, hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað mannvirkis út fyrir lóðarmörk.

Heimæðagjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs:</i>	<i>Lágmarksgjald</i>	<i>Verð pr.m umfram 25 m</i>
25 mm	180.000	3.140
32 mm	200.000	3.180
40 mm	220.000	3.350
50 mm	240.000	3.600
63 mm	270.000	3.980
75 mm	310.000	4.150
90 mm	340.000	4.600

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal auk vatnsgjalds, greiða sérstakt notkunargjald kr. 26,5 á m³ samkvæmt rennslismæli sem vatnsveitan á og rekur.

Fyrir rennslismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis sem hér segir:

25 mm	1.800 kr.
32 mm	2.430 kr.
40 mm	3.210 kr.
50 mm	6.440 kr.
63 mm	9.950 kr.
75 mm	11.800 kr.
90 mm	15.700 kr.

4. gr.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar.

Að auki skal greiða kr. 120.000 fyrir hvert lögbýli sem óskar tengingar við kaldavatnsveitu.

Þar sem skipulagðar eru 4 eða fleiri orlofshúsalóðir á samfelldu svæði, skal greiða, auk alls kostnaðar við dreifilagnir, tengigjald kr. 120.000 pr. hús fyrir fyrstu fjögur húsin, en kr. 40.000 pr. hús eftir það.

Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útlagðs kostnaðar, greiða kr. 15.000 á hverja tengingu.

5. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsnotkun í beitarhólf/landspildu, þar sem ekki er flot- eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 20.000 fyrir hvern aftöppunarstað.

Þar sem brynning er með flot- eða skriðlokabúnaði viðurkenndum af starfsmönnum vatnsveitunnar, skal vatnsgjald vera kr. 2.000 á hvern aftöppunarstað.

6. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Gjalddagi heimæðagjalda er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðagjalda til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

7. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

8. gr.

Heimæðagjöld og mælaleiga taka breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísitölu útgef-inni af Hagstofu Íslands.

Byggingarvísitalan júní 2011 er 538,3 stig.

9. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af stjórn vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps þann 15. júní 2011 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu.

Hellu, 27. júní 2011.

Guðmundur Jónasson,

formaður stjórnar vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.